

Snjóflóð á Íslandi veturinn 1986/87

MAGNÚS MÁR MAGNÚSSON

Veðurstofu Íslands

Bústaðavegi 9, 150 Reykjavík

Um 315 snjóflóð voru skráð veturinn 1986-87. Ekki urðu nein stórtjón af völdum snjóflóða.

Þann 11. október féll flóð við Ófæru í Dýrafirði og skemmdi bíl.

Þá féll snjóflóð þann 9. desember í Engidal í nágrenni Ísafjarðar, sem braut A-staurasamstæðu í háspennulínu.

Í nóvember drapst eitt lamb í snjóflóði í Kolbeinsdal í Hólahreppi í Skagafjarðarsýslu.

Hinn 10. desember gerði suðaustan stórvíðri með mikilli rigningu í Hrafnkelsdal í Jökuldalshreppi. Snjór hafði safnast saman í lækjagrafningum í fjallinu. Í stórvíðri þessu mettaðist snjórinn af vatni og rann af stað niður lækjagrafningana. Um 100 flóð munu hafa komið niður vesturhlíð Hrafnkelsdals í veðrinu. Skemmdir urðu nokkrar á húsum á Aðalbóli, einkum á hlöðu. Einnig urðu skemmdir á heyyinnuvélum. Úrkoman var slík að kunnugir vita ekki um hliðstæðu.

Þann 23. mars féll snjóflóð úr Hraungili í Hnífsdal og skemmdi túngirðingu á um 100 m kafla.

Daginn eftir féll snjóflóð úr Hrafnagili í hlíð Eyrarfjalls í Skutulsfirði og tók af fjárgirðingu á um 50 m kafla og færði jafnframt í kaf jarðýtu, sem var við jarðvegstöku þar fyrir neðan. Ýtustjórinn slapp ómeiddur og ýtan skemmdist ekki.

Flóð féllu úr Eyrarfjalli við Flateyri 24. til 26. mars og brutu háspennustaura. Þann 1. apríl komu flóð úr Bæjargili og Skollahvilft ofan Flateyrar, sem tóku af fjárgirðingu á um 200 til 300 metra kafla. Sama dag kom snjóflóð úr Hólkotshyrnu og braut sjó háspennustaura í línunni, sem liggur milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur um Burstabrekkudal.

Mikil snjóflóðahrina gekk yfir Öxnadal og Öxna-

dalsheiði þann 26. mars. Alls féllu 17 snjóflóð. Engin slys urðu á fólki en allar þrjár raflínurnar, sem liggja um dalinn, slitnuðu. Alls brotnuðu 9 háspennustaurar.

Í töflunni hér á eftir eru skráð öll snjóflóð, sem Veðurstofa Íslands hefur vitneskju um. Heimildamenn hafa, eins og áður, verið starfsmenn Vegagerðar ríkisins og veður- og snjóathugunarfólk Veðurstofunnar. Einnig hafa ýmsir aðrir sent inn upplýsingar. Ef óvissa er um dagsetningu flóðs eða ef mörg flóð falla á ákveðnu tímabili, þá er síðasta hugsanlega dagsetning á flóði eða lok snjóflóðatímabilsins skráð sem dagur 2 í töflunni.

Rétt er að hvetja fólk, sem verður vart við snjóflóð að tilkynna það Veðurstofunni. Hægt er að fá þar til gerð eyðublöð á Veðurstofunni.

Ítarlegri upplýsingar um flóðin er hægt að fá á Veðurstofu Íslands.

HEIMILDIR

Snjóflóðaskýrslur Veðurstofu Íslands.

Snjóflóðaskýrslur Vegagerðar ríkisins.

Kristján Ágústsson 1987: Snjóflóð á Íslandi veturna 1984/85 og 1985/86. Jökull 37, 91-98.